

## Órói á grein

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Að nemendur tengi saman ólík efni og formi hugmyndir sínar í sameiginlegu verkefni.

Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

**Námsgreinar:** Samþætting í smíðum, listgreinum, lífsleikni stærðfræði og náttúrufræði.

**Aldur:** Yngsta stig.



### VERKLÝSING

Farið er í grendarskóginn og fundin trjágrein. Nemendur perla síðan alls konar myndir eftir fyrirmyndum þar sem þeir þurfa að telja út til að frá rétta liti og lögun. Myndirnar eru síðan straujaðar og festar á trjágreinina þannig að úr verði myndarlegur órói.

Sótt er efni í skóg þegar fjallað hefur verið um verkefnið í upphafi kennslustundar eða næsta tíma á undan. Ef efnisbanki er til staðar við skólann eða í nágrenninu má sækja efni þangað.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Klippur, sög, perlur, band og straujárn.

Nota má birkigreinar eða aðrar tegundir eftir því sem til fellur og þykir henta verkefninu.

Efnið má vera frá 2 cm á þykkt og upp í 4 cm eftir stærð verkefnisins.